

Nr. 566

16. júní 2009

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Breyting á deiliskipulagi Austurvegar 69, Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar þann 25. maí 2009 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Austurvegar 69, Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 25. mars 2008, með breytingu frá 14. maí 2009 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 8. apríl til og með 6. maí 2009 með athugasemdaresti til og með 20. maí 2009.

Deiliskipulag frístundalóðar í landi Litlu-Sandvíkur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 25. maí 2009 tillögu að deiliskipulagi frístundalóðar í landi Litlu-Sandvíkur í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2000 þann í 10. mars 2009 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 8. apríl til og með 6. maí 2009 með athugasemdaresti til og með 20. maí 2009.

Uppdrættir og greinargerðir vegna tillagnanna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

Selfossi, 16. júní 2009.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 29. júní 2009